

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leiðarljós leikskólans	3
Almennt um skólann og húsnæðið	4
Helstu verkefni vetrarins.....	4
Mat á skólastarfi	6
Innra mat leikskólans	6
Ytra mat.....	7
Mannauður	8
Móttaka nýrra kennara/starfsmanna	8
Þagnarskylda	9
Viðbótarkennsla	9
Farsældarlögin	10
Tilkynningarskylda.....	11
Nám án aðgreiningar.....	11
Þroskaathuganir	11
Áherslur í starfi.....	13
Lubbi finnur málbein	13
Grænfáninn	14
Fjölmennig	14
Heilsuleikskólinn Brekkubær.....	14
Tákn með tali.....	15
Jákvæður agi	15
Lausnaringurinn	16
Þróunarverkefnið Með leikinn að leiðarljósi.....	16
Fundir og starfsmannamál	17
Starfsmannafundur	17
Deildarfundir	17
Deildarstjórafundur.....	17
Undirbúningur.....	17

Starfsmannastefna	18
Starfsmannasamtöl	18
Endurmenntun	18
Skipulags-og námskeiðsdagar	19
Hagnýtar upplýsingar	19
Öryggismál	20
Áfallaráð	20
Slysaskráningar	20
Heilbrigðisstofnun Austurlands.....	20
Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið	20
Foreldrasamstarf.....	20
Upplýsingar	21
Aðlögun og flutningur milli deilda.....	21
Foreldrasamtöl.....	21
Foreldrafélag	22
Foreldraráð	22
Samstarf	23
Fjölskyldusvið - Skólaþjónusta	23
Nemar	24
Samstarf skólastiga	24
Skil milli skóla	24
Samstarf um skólaakstur við Vopnafjarðarskóla	24
Brunavarnir Austurlands	24
Lokaorð	25

Inngangur

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Brekkubær setur sér hvert ár ákveðna áherslupætti eða markmið, sem vinna á með í styttri eða lengri tíma. Í þessari starfsáætlun eru áherslur fyrir skólaárið 2025-2026 kynntar sem og markmið.

Í starfsáætluninni eru upplýsingar fyrir kennara, starfsmenn, foreldra, rekstraraðila og fjölskylduráð um starf leikskólans.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar skólagöngu barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími þroska barns og undirbýr það undir áframhaldandi menntun. Leikskólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Leikskólauppeldi er uppeldi sem er góð viðbót við heimilisuppeldi en kemur aldrei í staðinn fyrir það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppallendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldinu.

Að vanda horfum við bjartsýn til skólastarfsins í vetur og leggjum áherslu á að skapa lærdómsríkt skólasamfélag þar sem öllum líði vel.

Leiðarljós leikskólans

Í Brekkubæ viljum við að börnin öðlist færni í að vinna í hóp, hlusta á aðra, sýna sjálfum sér og öðrum virðingu, vera ábyrgir og lausnamiðaðir þátttakendur í samfélaginu.

Börn eru skapandi og getumiklir einstaklingar og mikilvægt er að skapa þeim áhugavert umhverfi, jafnt innandyrá sem utan, þar sem leikurinn fær að njóta sín. Kennarar telja að börn þroskist best í jákvæðu, öruggu, hlýju og tilfinningaríku umhverfi þar sem borin er virðing fyrir þeim og skoðunum þeirra. Lögð er áhersla á hlýlegt, hvetjandi og örvandi umhverfi.

Í stefnu Brekkubæjar er markmið að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á umhverfismennt og jákvæðan aga. Ásamt því er skapandi starf og sjálfsþrotni leikurinn rauði þráðurinn í gegnum starfið. Til þess að ná þessum markmiðum notum við hópastarf, samverustundir, athafnir daglegs líf og fleira. Einkunnarorð leikskólans er **Leikur, Gleði og Þekking**. Við miðum starf okkar við fræðimenn á borð við John Dewey, Alfred Adler og Rudolf Dreikurs. Búið er að móta stefnu út frá þeim þar sem uppeldisstefnan jákvæður agi, sjálfsþrotninn leikur, umhverfið, stærðfræði, læsi og hreyfing fléttast inn í allt okkar starf ásamt mörgu öðru.

Leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími náms og þroska hvers einstaklings. Hlutverk leikskólans er að skapa öllum börnum jöfn skilyrði til leiks og náms í hvetjandi námsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd

barnanna, stuðla að velferð þeirra og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt. Áherslu ber að leggja á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra, hlusta á þau og umfram allt að vera góð fyrirmynd. Barnið er einstaklingur sem ávallt er haft í brennidepli þegar verið er að skipuleggja skólastarfið og lögð er áhersla á að starfshættir taki mið af þroska og þörfum einstaklinganna.

Almennt um skólann og húsnæðið

Leikskólinn Brekkubær er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og starfar eftir *Aðalnámskrá leikskóla*. Leikskólinn Brekkubær hefur verið starfræktur síðan 1. desember 1991. Í ágúst 2008 var tekin í notkun ný viðbygging við leikskólann. Eldri hluti leikskólans er 298 fm og er því leikskólinn orðinn ca. 578 fm. með rými fyrir 50 börn. Vopnafjarðarhreppur er eigandi hússins og rekstraraðili. Húsnæði skólans er þannig skipulagt að það eru 3 deildar sem heita Ásbrún, Hraunbrún og Dagsbrún. Deildirnar eru allar með tveim herbergjum, salerni og fataherbergi. Allar deildar hafa aðgang að sal, sérkennsluherbergi, skála og listastofu sem er hluti af alrými skólans. Í starfsmannaaðstöðunni er skrifstofa leikskólastjóra, salerni, viðtalsherbergi, ljósritunarherbergi, undirbúningsherbergi og kaffiaðstaða starfsmanna. Leikskólalóðin er stór og góð til alls konar hreyfingar og staðsett í nálægð við ósnortna náttúru.

Helstu verkefni vetrarins

Afmælisdagur: Barnið fær að velja sér kórónu og afmælisstól, það fær að flagga íslenska fánanum úti og íslenski fáninn er við matardiskinn í hádeginu, afmælisbarnið er þjónn dagsins. Í samverustund situr afmælisbarnið á afmælisstól, fær gjöf, afmælissöngurinn er sunginn og býður afmælisbarnið upp á ávexti.

Uppákomudagar: Einu sinni í mánuði eru t.d. náttfatadagur, leikfangadagur, rugldagur o.s.frv.

Litadagar: Bleikur, rauður, blár, grænn, svartur og gulur. Á litadögum er reynt að hafa eitthvað í matinn í þeim lit t.d. bleikt skyr, bláa mjólk og börnin mæta í þeim lit sem er hverju sinni og unnið með þann lit.

Alþjóðlegi Bangsadagurinn 27. október: Af því tilefni mega börnin koma með bangsa í leikskólann.

Afmæli leikskólans: Það er 1. des og er þá sameiginleg söngstund í sal og afmæliskaffi.

Vinavika: Er haldin í október og við tökum þátt í því ár hvert með mismunandi hætti.

Dagar myrkurs 31. okt - 3. nóv: Leikskólinn tekur þátt í dögum myrkurs með ýmsum uppákomum í leikskólanum.

Baráttudagur gegn einelti: Sá dagur er 8. nóvember, markmiðið með deginum er að vekja sérstaka athygli á málefnum. Við ræðum við börnin um mikilvægi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta, vináttu og að vera góð við hvort annað og mætum í einhverju litríku eða skrautlegu þennan dag.

Dagur íslenskrar tungu: Er 16. nóvember ár hvert, þá kemur 7. bekkur grunnskólans í heimsókn og les fyrir börnin.

Jólabíó: Við horfum saman á jólamynd og gerum vel við okkur.

Kaffihúsastemming í desember: Börnin fá piparkökur og kakó og eiga notalega stund saman og hlusta á jólatónlist.

Jólamáltíð í leikskólanum: Allir mæta í einhverju rauðu þann dag og boðið er upp á jólamat.

Jólaball: Sungið og dansað í kringum jólatré, jólasveinar kíkja í heimsókn og gefa pakka frá foreldrafélaginu.

Bóndadagur: Af því tilefni er pöbbum og öfum boðið í morgunmat.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Allir sem koma að málefnum leikskólans á einn eða annan hátt, eru hvattir til að halda Degi leikskólans á lofti en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Gerum alltaf eitthvað skemmtilegt í tilefni þessa dags.

Þorablót: Á þorranum er haldið þorablót fyrir börn og starfsfólk. Þá er boðið upp á þjóðlegan mat, sungin þorralög og endað á balli í sal þar sem dansað er undir harmonikkuleik. Elstu börnin sjá um að leggja á borð, skera þorramatinn og sýna leikpátt.

Konudagur: Af því tilefni er mömmum og ömmum boðið í morgunmat.

Bolludagur: Þá er boðið upp á fiskibollur í hádeginu og rjómbollur í ávaxtastundinni.

Sprengidagur: Þá er boðið upp á saltkjöt og baunir í hádeginu.

Öskudagur: Þá er haldið furðufataball í salnum og kötturinn sleginn úr tunnunni. Fyrirtæki koma til okkur og færa okkur góðgæti og börnin syngja fyrir þau í staðinn.

Lestrarátak: Einu sinni á vetrinum er farið í lestrarátak í samstarfi við foreldra og Lubba.

Downsdagurinn 21. mars: Þá mæta börn og starfsfólk í mislitum sokkum til að vekja athygli á fjölbreytileikanum og að við erum ekki öll eins.

Sveitaferð: Þá er farið upp í Refsstað að kíkja á dýrin. Í mörg ár höfum við fengið að kíkja á sauðburðinn og kynnst sveitalífinu upp í Refsstað.

Foreldradagur: Þá er foreldrum boðið í heimsókn í leikskólann.

Útskriftarferð elsta árgangsins: Þá er byrjað á að fara á pizzahlaðborð á Öldunni og síðan farið og gist í sumarbústað.

Útskrift elstu barnanna: Foreldrum er boðið að koma og vera viðstödd þegar börnin eru útskrifuð úr leikskólanum, börnin sýna leikpátt, sem þau sýndu á þorablótinu, dansa og syngja. Börnin fá afhenta myndamöppu af þeim í leikskólanum og rós, einnig gefur foreldrafélagið þeim gjöf. Foreldrar koma með góðgæti á hlaðborð.

Heilsuvika: Hún er á vegum ÚÍA þar sem mikilvægi heilsu og heilbrigðs lífnis er rætt, bæði andlega og líkamlega. Við tökum þátt í henni með því að fara t.d í víðavangshlaup, gera þrautir og ýmislegt annað skemmtilegt sem snýr að hreyfingu.

Sumarhátíð leikskólans: Hún er í júní og er það foreldrafélagið sem sér um hana. Boðið er upp á eitthvað skemmtilegt og grillaðar pylsur.

Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Til að auka gæði skólastarfsins, tryggja þróun þess og gæta þess að börnin fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla, metum við starfið reglulega. Við notum margar leiðir til að meta starfið okkar, nám og stöðu barna til að fá sem heildstæðasta sýn á skólastarfið. Við leitum eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hluta af lýðræðislegum vinnubrögðum við innra mat skólans er bæði notað óformlegt mat og formlegt mat, t.d.

- Óformlegt mat er m.a. starfsmannafundir og foreldrasamtöl.
- Formlegt mat er t.d. Skólapúlsinn, starfsmannasamtöl, foreldrakannanir og spurningalistar.

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna markvisst að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Innra mat er einnig ætlað að þróa og bæta leikskólastarfið og gera starfsfólk meðvitaðra um starf sitt og leiða það til markvissari vinnubragða. Innra matið veitir upplýsingar um starfshætti sem stuðlar að úrbótum og auknum gæðum.

Í vetur erum við að fara að innleiða nýtt matskerfi sem heitir BravoLesson og er gæðakerfi til að gera innra mat, umbótaáætlun, hafa yfirlit yfir faglegt starf og til að bæta nám og kennslu.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að :

Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla.

Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fá þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, grunnskóla og foreldra.

Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað þarf að bæta til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í stefnu skólans. Sú vitneskja nýtist til að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á umbótum. Í kjölfar mats koma fram ákveðnar niðurstöður um hvar veikleikar og styrkleikar skólastarfsins eru.

Innra mat 2024- 2025

Heiti Mata/Mats	Hvenær
Heilsubók barnsins, útfyllt af starfsfólki	Október og apríl
Matslisti heilsustefnunnar, útfylltur af starfsfólki	Janúar
Efi-2	3.1 til 3.10 ára
Tras	Frá 2 -5 ára.
Grænfáni Gátlisti, útfylltur af hverjum hópstjóra	Jafnóðum, (Grænfána Úttekt á tveggja ára fresti)
Foreldrasamtöl	Nóvember og Apríl
Starfsmannasamtöl	Mars leikskólastjóri
Sjálfsmat	Mars
Hljóm	September
Íslenski málhljóðamælirinn	Sept- apríl
Aseba, þegar þurfa þykir	Sept - apríl
Bravo Lesson gæðakerfi fyrir skóla	Sept-maí

Ytra mat

Skólaárið 2015 gekk leikskólinn Brekkubær til samstarfs við skólapúlsinn. Skólapúlsinn útvegar skólanum spurningalista sem lagðir eru fyrir starfsfólk og foreldra. Í febrúar var lagður spurningalisti fyrir foreldra frá skólapúlsinum og er það gert á 2-3 ára fresti.

Skólapúlsinn sendir niðurstöður til leikskólans ca. tveim til þremur vikum eftir fyrirlögn.

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leikskólum fyrir hönd mennta og menningarráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi leikskólans, vettvangsheimsóknum og viðtölum við börn, starfsfólk og foreldra.

Markmið með úttektinni er að kanna gæði starfs í leikskólum samkvæmt 17. gr. laga um leikskóla sem er:

Að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda,

starfsmanna leikskóla, grunnskóla og foreldra.

Að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

BRAVOLesson

Leikskólinn Brekkubær ásamt leikskólum Múlapings hafa hafið innleiðingu á BRAVOLesson gæðakerfinu sem styður við innra mat, markvissa þróun og umbótastarf. Markmiðið er að styrkja faglegt starf, tryggja skýra yfirsýn yfir gæði og styðja við umbætur á skipulagðan og gagnadrifinn hátt.

Í gegnum BRAVOLesson geta leikskólastjórar skipulagt og skráð sjálfsmat, innlit á deildir og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Nýtt mælaborð kerfisins veitir stjórnendum skýra yfirsýn yfir stöðu og framvindu sem eykur festu í faglegu starfi og auðveldar eftirfylgni.

Kerfið er aðlagð að leikskólaumhverfi Brekkubæjar og verður mikilvægt tæki til að styðja við gæði leikskólastarfsins.

Mannauður

Í Brekkubæ er góður kjarni starfsmanna sem starfað hafa lengi við skólann, bæði kennarar og leiðbeinendur. Lítið er um endurnýjun í starfsmannahópnum. Stöðugildi síðasta vetur voru 13,6 og stöðugildi næsta vetur verða 12,9. Inn í stöðugildum eru starfsmenn á deildum, iðjubjálfi, sérkennari, stjórnand, skólaliði og afleysing vegna fjarvista og veikinda. Einnig er afleysing vegna undirbúnings og stuðningur með barni inn á deild. Starfsmenn með kennara menntun verða átta, einn starfsmaður er með stúdentspróf, einn með háskólapróf og svo eru reynslu miklir starfsmenn sem hafa starfað í leikskóla til fjölda ára. Einn kennari fer í fæðingarorlof í október og einn starfsmaður er í veikindaleyfi og einn starfsmaður er að taka kennsluréttindi.

Í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (2008) kveður á um að 75% eigi að hafa leyfisbréf leikskólakennara.

Móttaka nýrra kennara/starfsmanna

Þegar nýr starfsmaður hefur störf mætir hann í viðtal til leikskólastjóra sem útskýrir hlutverk starfsmanns, stefnu skólans og áherslur í starfi. Deildarstjórum er svo falið að koma starfsmanninum inn í starfið sjálft, mest með munnlegri fræðslu og útskýringum. Nýju starfsfólki

ber að lesa starfsmannahandbók þar sem helstu upplýsingar koma fram ásamt starfsáætlun og námskrá skólans.

Þagnarskylda

Allt starfsfólk Brekkubæjar er bundið þagnarskyldu og skrifar undir þar til gert eyðublað við ráðningu. Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

Í 9. grein laga er breyting frá apríl 2009 þar sem kveðið er á um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um hagi barns síns í leikskóla varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Viðbótarkennsla

Í Brekkubæ er leikskólasérkennari sem sinnir viðbótarkennslu. Sá aðili hefur yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, talþjálfun, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Hann heldur utan um samstarf við foreldra og utanaðkomandi sérfræðinga, sér um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og situr deildarfundi og deildarstjórafundum eftir þörfum. Meginþættir viðbótarkennslunnar í Brekkubæ er að sinna snemmtækri íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska ásamt markvissri skipulagðri þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfi þroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir. Öll tvítyngd börn í Brekkubæ koma einnig í einstaklingsþjálfun til leikskólasérkennara. Til að finna þau börn sem þarfnast sérstakrar athygli og stuðning er notast við hinar ýmsu skimanir. Sjaldnast koma niðurstöður skimana á óvart þar sem náð er fylgst með börnunum á leikskólanum og kennararnir vita yfirleitt hver staða hvers og eins barns er. Skimunarpróf eru lögð fyrir með samþykki foreldra. Þeir eiga líka rétt á að þeim séu kynntar niðurstöður og að leitað sé eftir samvinnu við þá um frekari úrræði ef þörf er á. Athygli skal vakin á því að niðurstöður skimana eru aðeins vísbendingar um hugsanlegan vanda barns en um leið tækifæri til að taka á vandanum og vinna áfram út frá þeim. Skimunarpróf eru þá góð leið til að finna styrkleika og veikleika hjá einstaka barni og niðurstöðurnar hjálpa til við að skipuleggja áframhaldandi vinnu með barnið í samvinnu við foreldra og Farsældarþjónustu Múlaþings.

Markmið viðbótarkennslu er að tryggja að öll börn fái notið leikskólagöngu sinnar þannig að ýtt sé undir alhliða þroska, sjálfstæði og vellíðan barnsins. Skimað er eftir hvers kyns frávikum sem skoðuð eru frekar ef talin er þörf á og leitað til sérfræðinga.

Farsældarlögin

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Farsæld er skilgreind sem aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Farsældarlögin eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Strax við fæðingu barns, eða eftir atvikum á meðgöngu, eiga foreldrar og börn rétt á þjónustu tengiliðar eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. Matthildur Ósk Óskarsdóttir er tengiliður Brekkubæjar.

Þrepaskiptur stuðningur

Hlutverk lausnateymis

Lausnateymi er jafningjastuðningur við kennara og hlutverk þess að veita ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og eða námserfiðleika nemenda. Teymið styður kennara með því að skoða vandann og koma með tillögur að lausn mála. Kennarinn velur síðan úr tillögunum þá lausn sem honum líst best á að reyna.

Deildarstjóri eða lausnateymi vísar málum til sem ekki hefur tekist að lesa til nemendaverndarráðs.

Lausnateymi hefur fastan fund hálfsmánaðarlega, fundar oftast ef þarf og nemendaverndarráð er með fasta fundi tvisvar á haustönn og fjóra á vorönn.

- Í lausnateymi eru: Sandra leikskólastjóri og Matthildur leikskólasérkennari.
- Í nemendaverndarráði eru Sandra leikskólastjóri, Matthildur leikskólasérkennari, Marta leikskólafulltrúi og Steinunn Birna hjúkrunarfræðingur.

Fundardagskrá þrepaskipta stuðningur

Lausnateymisfundir

30.09.2 5	14.10.2 5	28.10.2 5	11.11.2 5	25.11.2 5	09.12.2 5
06.01.2 6	20.01.2 6	03.02.2 6	17.02.2 6	03.03.2 6	17.03.2 6
31.03.2 6	07.04.2 6	21.04.2 6	05.05.2 6	19.05.2 6	02.06.2 6
16.06.2 6					

Nemendaverndarráðsfundir

08.10.25	19.11.25
14.01.26	25.02.26
15.04.26	27.05.26

Tilkynningarskylda

Leikskólinn starfar einnig eftir lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna þar segir í 13 gr. “Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfi sínu var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúnað barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart”.

“Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framur ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”.

Nám án aðgreiningar

Lögð er áhersla á styrkleika barnsins með tilliti til þátttöku og virkni við dagleg störf svo barnið fái tækifæri til að upplifa og kanna á sínum forsendum. Lögð er áhersla á fjölbreyttar leiðir til náms og þroska því barnahópurinn hefur ólíka getu og þarfir. Starfað er samkvæmt hugmyndum um snemmtæka íhlutun sem felur í sér að börn fái þá aðstoð sem þau þurfa sem fyrst á lífsleiðinni. Lögð er áhersla á að hvert barn fái tækifæri til að þroskast og læra miðað við getu. Viðbótarkenndu tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í samráði og samstarfi við foreldra. Litið er á viðbótarkenndu sem eðlilegan hluta af öllu starfi leikskólans en ekki aðgreint úrræði. Viðbótarkenndu fer fram inni á deildum en minni hópar (leikhópar) eru einnig teknir út af deild til að skapa rólegra umhverfi, draga úr áreiti og stuðla þannig að betri einbeitingu og úthaldi barnanna.

Þroskaathuganir

EFI-2 er Málþroskaskimun sem lögð er fyrir öll börn á fjórða ári. EFI-2 kannar málkilning og tjáningarfærni barna.

Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem lögð er fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika. Prófið er lagt fyrir í september og aftur í febrúar ef niðurstöður eru undir meðallagi hjá barni.

Tras er skráningalisti til notkunar til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með Tras skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Það sem verið er að kanna er málkilningur, málvitund, framburður, orðaforði, setningamyndun, samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeiting.

Aseba er matstæki sem notað er í leikskólum fyrir börn með þroskafrávík og er gert til að meta hvar barnið er stöð og með hvaða færni á að vinna. Aseba – matskerfið er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagmanna við gerð þess.

Íslenski málhljóðamælirinn

Íslenski málhljóðamælinn er skimunartæki í spjalddölu sem er auðvelt í fyrirlögn. Með forritinu er unnt að skima og forprófa framburð íslensku málhljóðanna og meta skiljanleika tals. Skimunin gefur kennara/sérkennara vísbendingu um hvaða hljóð þurfi að þjálfar betur og gefur einnig vísbendingu um hvernig hljóðavitund barnsins er, en hún er mikilvæg í umskráningarferli sem þarf fyrir læsi seinna. Ef að niðurstöðurnar úr skimuninni í íslenska málhljóðamælinum eru ekki góðar þá getur verið þörf á að vísa barni beint til talmeinafræðings í frekara mat og þjálfun.

Talmeinafræðingur

Við hér í leikskólanum erum svo heppin að vera í samstarfi við Sesselju sem er heyrna, lestrar og talmeinafræðingur. Sesselja er með talþjálfunar tíma í gegnum fjarfundabúnað og mun sjá um að þjálfar öll þau börn í leikskólanum sem þurfa á þjónustu talmeinafræðings að halda. Það eru börn sem eru með mikinn framburðar- og/eða málþroskavanda.

Iðjuþjálfari

Hlutverk iðjuþjálfara er að framkvæma faglegar greiningar og athuganir til þess að sýna fram á nauðsyn aukinna úrræða fyrir börn sem eiga við erfiðleika í daglegu lífi, námi og félagslegum samskiptum. Iðjuþjálfari kemur einnig að hjálpartækjum og öðrum sérhæfðum búnaði fyrir þau börn sem þurfa á því að halda sem og að koma með tillögur að úrbótum í skólum og vera með ráðgjöf fyrir foreldra og starfsfólk.

Hlutverk iðjuþjálfara í skólum eru meðal annars að efla félagsfærni og sjálfsbjargargetu nemenda. Þeir eru einnig í að efla snertiskyn, jafnvægisskyn, hreyfi- og stöðuskyn, styrk og vöðvaspennu. Auka trú á eigin áhrifamátt, aðlaga iðju og umhverfi. Horfa eftir styrkleikum nemenda, áhuga og reyna að sjá til þess að nemandi sé virkur þátttakandi í skólastarfinu, en ekki bara áhorfandi.

Iðjuþjálfari vinnur með öllum þeim börnum sem þurfa á því að halda. Iðjuþjálfari hefur komið að málefnum barna tengt hinum ýmsum greiningum, fínhreyfivanda, tyggingarvanda, stöð- og hreyfivanda, skynvanda, málerfiðleikum, lágum vöðvatónus og fleira.

Markmið

Iðjuþjálfari eflir nemendur í að nýta styrkleika sína til þess að ná auknum þroska og bættum lífsgæðum. Stuðlar að aukinni færni barna í námi og félagslegum samskiptum með því að efla almenna þátttöku þeirra við athafnir daglegs lífs. Iðjuþjálfari sinnir ráðgjöf til starfsfólks og foreldra eftir því sem þurfa þykir.

Starfsfyrirkomulag

Þjónusta iðjuþjálfara miðast við þarfir barnsins hverju sinni. Hvað þarf barnið til þess að geta tekið þátt og liðið vel í daglegu umhverfi? Ekkert okkar er eins og því er lögð rík áhersla á að taka mið af styrkleikum hvers og eins. Þeir þættir eru nýttir til þess að efla og styrkja einstaklinginn til athafna. Lögð er rík áhersla á að vera í góðu samstarfi við barnið, foreldra og þá fagaðila sem koma að barninu hverju sinni. Þjónusta iðjuþjálfara getur einnig beinst að vinnuumhverfi barnsins

og annara aðila sem koma þar við. Það er að segja, er eitthvað í umhverfi barnsins sem er að hafa hamlandi áhrif á það í daglegu lífi.

Greiningar, þjálfun og athuganir eru unnar í samráði við foreldra og kennara. Niðurstöður úr þeim eru settar niður í matsskýrslur sem berast til skólaþjónustu og foreldra að lokinni vinnslu á þeim.

Iðjuþjálfari býr yfir sérþekkingu á daglegri iðju, mati á henni og úrræðum er varða skerta færni s.s. aðlögun á umhverfi/iðju. Skilgreinir færni barna við skólatengda iðju og vinnur að þjálfun og greiningum s.s. skynúrvinnslu, grófhreyfimati, fínhreyfimati, og með vettvangsathugunum í skólum. Vinnur í nánú samstarfi við kennara, foreldra og börn, situr fundi s.s. skilafundi og teymisfundi.

Áherslur í starfi

Í Brekkubæ er lögð mikill áhersla á sjálfsprotna leikinn. Leikurinn er tjáning þar sem barnið lærir marga sem enginn getur kennt því. Leikurinn býður upp á óteljandi möguleika, nýja þekkingu, tilfinningar, samskipti í ýmsu formi, umburðarlyndi svo eitthvað sé nefnt.

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og ríkur þáttur í leikskóladeginum. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér að fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur veitir börnum gleði og vellíðan, jafnframt getur hann falið í sér valdabaráttu og átök. Öll þessi samskiptaform bjóða upp á endalausar lærdóm sem mikilvægt er að fá sinn sess í leikskóladegi barnsins.

Lubbi finnur málbein

Hljóðasmiðja Lubba byggir á traustum grunni og eru höfundar námsefnisins þær Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem kennir börnum á aldrinum tveggja til sex ára málhljóðin og málörvun. Í bókinni Lubbi finnur málbein er lagt upp með tileinkun málhljóða á grundvelli fjölskynjunar, sem höfundar nefna hljóðánám í þrívídd. Um er að ræða samþættingu skynleiða; heyrnar-, sjón- og hreyfi-/snertiskyns. Hvert málhljóð er kynnt til sögunnar með hljóði, tákni/hreyfingu og vísu.

Hljóðasmiðja Lubba ýtir undir snemmbúið læsi, börn fá fjölmörg tækifæri til að æfa málhljóðin, framburð orða og setninga. Í þessu námsefni fá börn endurtekin tækifæri til að efla sig í hinum ýmsu færniþáttum og æfingin skapar meistarann.

Allar deildir eiga sinn Lubbabangsa sem aðstoðar okkur við að læra hljóð, tákni og vísu hvers bókstafs. Þetta nám er orðið hluti af okkar daglega starfi og hefur fyrir löngu sannað sig og sýnt hversu öflugt námsefni þetta er sem við munum halda áfram að nota með góðum árangri.

Grænfáninn

Leikskólinn Brekkubær er grænfánaskóli og leggjum við mikla áherslu á umhverfisfræðslu. Markmiðið er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Lögð er áhersla á að umhverfismennt flæði í gegnum allt starf leikskólans. Brekkubær fékk grænfánann sem viðurkenningu á virku umhverfisstarfi í fyrsta sinn vorið 2011 eftir innleiðingarferli sem leikskóli á grænni grein. Hann hefur síðan þá fengið endurnýjun á tveggja ára fresti, haustið 2022 fengum við hann í sjöunda skiptið.

Fjölmennning

Undanfarin ár hefur fjölmennning aukist hjá okkur. Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað og þeir sem hafa tengsl við erlend lönd í leikskólanum hefur þar af leiðandi fjölgað mikið.

Verkefni um fjölmenningu í leikskóla byrjaði í janúar 2021.

Hugsunin með verkefninu er að dýpka skilning barna og styrkja vitund um margbreytileika í íslensku samfélagi og setja hann í víðara samhengi jafnréttis og mannréttinda.

Börnin af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra hafa þurft að aðlagast sig að íslensku samfélagi og því er skemmtilegt fyrir þau að fá einn dag til þess að fagna heimalandinu sínu og menningu þess.

Áhersla er lögð á að rækta gagnrýna hugsun, virkja margvíslega hæfileika og beina athygli að sammannlegri reynslu og að vinna gegn fordómum. Þá er gert ráð fyrir að fólk af ólíkum uppruna geti lært margt hvert af öðru.

Þegar þjóðhátíðardagur hvernar þjóðar er, þá fá þau börn sem eru frá þjóðinni að hjálpa til við að kynna landið sitt fyrir hinum börnunum á leikskólanum. Börnin læra að heilsa á tungumáli þeirrar þjóðar, læra að telja upp á fimm og þau læra t.d. „Meistari Jakob“ á því tungumáli. Börnin sem eru frá þjóðinni sem á þjóðhátíðardag fá að flagga en börnin eru mjög spennt fyrir þessu. Þetta verkefni hefur hjálpað mörgum og hefur tengt samfélagið og virkjað einnig öll þjóðarbrot til að taka þátt í lífinu á Vopnafirði. Fyrir utan það að börnin á leikskólanum þekkja orðið flesta fánana og kynnast menningu frá öllum þjóðunum sem er svo frábært.

Heilsuleikskólinn Brekkubær

Haustið 2015 fór leikskólinn á heilsubraut og fékk fullgildingu sem Heilsuleikskóli vorið 2017. Í heilsuleikskólum er reynt að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hluti af stefnunni er að skrá í Heilsubók barnsins tvisvar á ári, þ.e. í október og mars, í framhaldi eru foreldrasamtöl. Þeir þættir sem skráðir eru í bókina er hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Allir starfsmenn koma að skráningum í heilsubókina. Komi í ljós einhver frávík er haft samráð við foreldra til að leita úrræða sem fyrst.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál-og talörðuleika að stríða. Náttúruleg tákn – byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst. Eiginleg/samræmd tákn- eru flest fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra. Í TMT eru táknin alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Jákvæður agi

Markmiðið með jákvæðum aga er að börn læri að vera ábyrgðarfullir og lausnamiðaðir einstaklingar sem allir hafa atkvæðisrétt í sínu samfélagi. Jákvæður agi hvetur bæði börn og fullorðna til að umgangast hvort annað af virðingu og tillitssemi. Hver og einn á að finna að hann tilheyri og skipti máli. Það er skoðað hvað er á bak við hegðunina, hvers vegna börnin gera það sem þau gera og vinnum með það.

Jákvæður agi er uppeldisstefna sem byggir á sjálfstjórnarkenningum sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðun. Jákvæður agi gengur m.a. út á að móta umhverfi í skólum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Börn læra félagsfærni og lífsleikni, þau byggja upp samband væntumþykju og virðingar. Aðferðin byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni þar sem ríkir virðing, góðvild og festa. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setji sér mörk í samvinnu við kennara. Sjálfstjórnarkenningar fela það í sér að í stað þess að reyna að breyta hegðun barnanna með umbun og refsingu, er markmiðið að ná til innri hvata barnanna. Þannig læra börnin að gera það sem er rétt vegna þess að þau langar til þess en ekki vegna þess að þau geri ráð fyrir að fá umbun eða verðlaun fyrir að sýna góða hegðun eða gera eitthvað gott. Að sama skapi er það þannig að við beitum ekki refsingum þegar börnin sýna óæskilega hegðun, heldur vinnum að lausn með þeim og hjálpum þeim að læra af mistökum sínum. Þannig verða þau ekki hrædd við að viðurkenna mistök.

Jákvæður agi byggir á kenningum Alfred Adler (1870-1937) og Rudolf Dreikurs (1897-1972) sem voru austurrískir geðlæknar. Upphafsmenn jákvæðs aga eru Jane Nelsen og Lynn Lott en fyrsta bók Nelsen-Positive Discipline eða Jákvæður agi kom út árið 1981. Síðan þá hefur Nelsen ásamt öðrum skrifað fjöldan allan af góðum bókum um málefnið. Í jákvæðum aga eru ýmis verkfæri sem við notum í daglegu starfi. Þar má til að mynda nefna barnafundi, lausnahjól, jákvæða einveru, vinnu með tilfinningar og að bjóða tvo kosti. Auk þessara verkfæra eru mörg frábær verkfæri í viðbót.

Fimm viðmið jákvæðs aga

1. Hjálpar börnum að finna að þau skipta máli, að þau tilheyra og að þau eru mikilvæg.

2. Sýnir á sama tíma góðvild og festu. Kennarar sýna væntumþykju og hlýju í verki og á sama tíma gæta þeir þess að meina það sem þeir segja og segja bara það sem þeir geta staðið við.
3. Ber árangur þegar til lengri tíma er litið. Hefur jákvæð áhrif á hugsun, tilfinningar, nám og ábyrgar ákvarðanir.
4. Kennir mikilvægi félagsfærni og lífsleikni; virðingu, umhyggju fyrir öðrum, lausnamiðlun, samvinnu og þátttöku í litlu samfélagi sem stóru (heimili, skóli, bærinn, borgin).
5. Hjálpar börnum að uppgötva hversu hæf þau eru, eflir vald þeirra og sjálfstæði á uppbyggjandi hátt.

Lausnahríngurinn

Þetta skólaár er leikskólinn að fara að Innleiða **Lausnahrínginn** sem hefur þegar sannað gildi sitt í leik- og grunnskólum víða um land. Lausnahríngurinn er með verkfæri sem eflir samskipti, virðingu og lausnamiðaða hugsun.

Hvað er Lausnahríngurinn? Lausnahríngurinn byggir á **hugmyndafræði Jákvæðs aga** og er innblásinn af **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**, sem leggur áherslu á réttindi barna til virðingar, þátttöku og verndar.

Lausnahríngurinn kennir börnum í gegnum leik og daglegt starf að:

- **Stjórna sér:** Að nota orðin sín og gjörðir á uppbyggilegan hátt.
- **Vera með:** Að virða mörk, skiptast á og sýna umburðarlyndi í samskiptum
- **Hjálpa:** Að sýna umhyggju, fyrirgefa og taka þátt í lausnum.
- **Stoppa:** Að þekkja og virða eigin mörk og annarra.
- **Skiptast á:** Að virða aðra og hlusta á þeirra sjónarmið þegar verið er að skiptast á.
- **Fyrirgefa:** Að skilja að fyrirgefning hjálpar til að finna lausn á áskorunum.
- **Knús:** Að biðja um og samþykkja faðmlag

Þróunarverkefnið Með leikinn að leiðarljósi

Verkefnið „Með leikinn að leiðarljósi“ er byggt á þeirri sannfæringu að leikurinn sé grundvallarþáttur og í námi og samskiptum og bæði barna og starfsfólks. Með því að sameina leik og faglega nálgun mun verkefnið efla lærdómssamfélag leikskólanna með áherslu á traust, virðingu og gleði. Verkefnið stuðlar að betri vinnustaðamenningu, fagmennsku og auknum gæðum í leikskólastarfi.

Leikskólinn Brekkubær ásamt leikskólum Múlaþings fengu styrk úr Sprotasjóði til að fara í þróunarverkefni og er þetta samstarfsverkefni sjö leikskóla á Austurlandi og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri skólaárið 2025-2026. Verkefnið stuðlar að faglegu samstarfi milli leikskóla á Austurlandi og styrkir tengsl skólanna við Háskólann á Akureyri.

Sprotinn í verkefninu er að þróa og efla lærdómssamfélag leikskóla á Austurlandi með áherslu á leikinn sem grunnstoð náms. Leikurinn verður nýttur sem aðferð til að styrkja faglega umræðu, samskipti og ígrundun bæði hjá starfsfólki og börnum. Með því að sameina leik og faglega nálgun stuðlar verkefnið aðskapandi lausnaleyti, dýpri tengingu milli þátttakenda og aukinni færni í að mæta daglegum áskorunum í leikskólalífinu.

Markmið verkefnisins

- Að innleiða og þróa lærdómssamfélag leikskóla með áherslu á leikinn sem leið til náms
- Að hafa nám barnanna og velferð ávallt að leiðarljósi og þróa menningu þar sem áhersla er lögð á að börn nái árangri og læri í gegnum fjölbreyttan leik sem hæfir aldri þeirra og þroska
- Að þjálfar og styðja leiðtoga teymanna til að nýta leikinn sem verkfæri í samskiptum, samvinnu og faglegri þróun
- Að byggja upp traust og virðingu sem undirstöðu fyrir árangursríku samstarfi
- Að efla teymisvinnu sem grunn jákvæðrar vinnustaðamenningar

Fundir og starfsmannamál

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru 10 - 11 sinnum á ári. Þegar það eru starfsdagar eru starfsmannafundir haldnir þann dag og þess á milli á vinnutíma frá kl. 8 -10 eða 14-16 á móti starfsdögnum. Starfsmannafundir eru undir stjórn leikskólastjóra. Skráðar eru fundargerðir.

Deildarfundir

Deildarfundir eru haldnir eftir starfsmannafund. Deildarstjórar skipuleggja þessa fundi og stjórna þeim. Skráðar eru fundargerðir.

Deildarstjórafundir

Deildarstjórafundir eru haldnir annan hvern þriðjudag/fimmtudag. Á þeim er farið yfir þau ýmis málafni og leikskólastjóri stjórnar þeim. Skráðar eru fundargerðir.

Undirbúningur

Leikskólakennarar eiga samkvæmt samningum a.m.k 7 tíma í undirbúning á viku miðað við 100% starf og deildarstjórar 10 tíma á viku miðað við 100% starf. Leiðbeinendur eiga 1-2 tíma á viku ef þeir þurfa að skipuleggja hópastarf og er það deildarstjóra að sjá til þess að þeir fái þann tíma.

Starfsmannastefna

Lögð er áhersla á að við séum góð fyrirmynd í allri framkomu gagnvart öðrum og að hér ríki gott andrúmsloft, kennurum líði vel og hafi jákvætt viðhorf til starfsins í heild sinni. Við leitumst við að hafa gott upplýsingastreymi, skýrar vinnureglur og hvetjum kennara til að sýna ábyrgð, frumkvæði og að þeir láti ljós sitt skína. Samvinna og samstarf allra er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Starfsgleði og virðing fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki, börnunum, foreldrum og uppeldisstarfinu er grundvöllur þess að ná árangri í starfi leikskólans. Mikilvægt er að við vinnum eftir ákvörðunum og framfylgjum þeim. Nýir starfsmenn fá afhenta starfsmannahandbók Brekkubæjar þegar þeir byrja. Við viljum skapa starfsanda og starfsumhverfi sem er opið og þar sem skoðanaskipti geta átt sér stað. Við komum fram af virðingu hvort við annað og hrósum fyrir það sem vel er gert, erum með málefnalega gagnrýni og erum sjálf opin fyrir leiðsögn. Hver einstaklingur er metinn út frá hæfileikum sínum og litið er á margbreytileika sem sjálfsgöðan hlut og að það sé kostur. Með því að virkja jákvæða eiginleika og viðhorf verðum við góðar fyrirmyndir. Við treystum hvort öðru til að bera ábyrgð á eigin starfi og gætum þagmælsku um mál sem lúta að börnunum, kennurum og aðstæðum þeirra.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram ár hvert í mars. Þar er farið yfir væntingar starfsfólks fyrir næsta vetur. Hvernig síðasti vetur gekk, hvaða óskir um símenntun starfsmaðurinn hefur og líðan starfsmannsins.

Markmið starfsmannahópsins er að byggja upp öflugt lærdómssamfélag og jákvæðan skólabrag sem einkennist af umhyggjusömu samfélagi þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verðum við sjálf og börnin betur í stakk búin að takast á við verkefni dagsins og nýta okkur nám og reynslu sem við öðlumst á uppbyggilegan hátt.

Endurmenntun

Endurmenntun fer m.a. fram á starfsdögum skólans. Aðra endurmenntun getur starfsfólk valið að sækja sér út frá áhugasviði. Einnig eru námskeið skipulögð af skóla og farsældarþjónustu. Oft fara nokkrir kennarar saman á námskeið sem eru í boði, hvort sem þau eru kennd á staðnum, annarstaðar á landinu eða í fjarkennslu.

Við höldum ótrauð áfram með hvers kyns starfsþróun því það er mikilvægt að okkar hæfa og áhugasama starfsfólki geti sótt sér námskeið og aukið menntun sína. Leikskólinn verður með námskeið og fyrirlestra á komandi skólaári fyrir allt starfsfólkið sitt. Síðasta ár var leikskólinn með námskeið og fyrirlestra sem var fræðsla frá krabbameinsfélagi Austfjarða, skyndihjálp, lausnahringurinn, jákvæður agi og fórum á fræðsludag með skólum í Múlaþingi. Með öflugri starfsþróun er líka verið að hlúa að kennurum/starfsfólki og starfsumhverfi þeirra. Starf í leikskóla er síbreytilegt og ögrandi og hefur víðtæk samfélagsleg áhrif. Starfsánægja kennara er ein af

forsendum árangursríks skólastarfs og ætti því starfsánægja að skila sér á jákvæðan hátt út í samfélagið

Skipulags-og námskeiðsdagar

Skipulags og námskeiðsdagar eru fimm á ári og er leikskólinn lokaður þá daga. Á þessum dögum er haustþing þar sem leikskólar á austurlandi koma saman, undirbúningur fyrir starfið, námskeið, fyrirlestrar, skólaheimsóknir, skyndihjálp o.fl. Þegar starfsdagarnir eru haldnir í leikskólanum er byrjað á starfsmannafundi.

Á næsta skólaári munu kennarar fara á haustþing leikskóla á Austurlandi, fræðsludag með skólum í Múlaþingi og námsferð. Einnig mun Adda koma til okkar og fara með okkur í innleiðingarferli á lausnaringnum. Brekkubær og leikskólar í Múlaþingi fengu styrk úr sprotasjóði til að vinna að þróunarverkefninu með leikinn að leiðarljósi. Kynning og hvernig verkefnið verður unnuð verður á haustþinginu og svo verður sú vinna allt næsta skólaár undir leiðsögn Írisar frá Háskólanum á Akureyri.

Skólaárið 2025- 2026 verða skipulagsdagar í leikskólanum Brekkubæ sem hér segir:

26.09. 2025

21.11. 2025

12.06. 2026

15.06. 2026

16.06. 2026

Hagnýtar upplýsingar

Brekkubær er 3 deilda leikskóli. Leikskólinn er opinn frá 7:45 til 16:15.

Vistunartíminn er frá sex klukkutímum upp í átta og hálfan klukkutíma. Hægt er að kaupa 15 mín. fyrir og eftir vistunartíma barnsins og er sótt um það hjá leikskólastjóra. Ef vistunartími er ekki virtur er sektað fyrir þann tíma.

Í júní 2025 útskrifuðust 6 börn úr leikskólanum. Skólaárið 2025-2026 verða 36 börn í upphafi skólaárs í leikskólanum.

Skólaárið verða 18 börn á Ásbrún fædd 2020 og 2021, á Dagsbrún verða 13 börn fædd 2022 og 2023 á Hraunbrún verða 5 börn fædd 2023 og 2024.

Öryggismál

Öll börn í Brekkubæ eru slysafryggð hjá Vís. Tryggingin gildir í tengslum við alla viðveru í skólanum, á skólatíma og í ferðum á vegum skólans. Minnt er á að nemendur eigi ekki að koma með verðmæti að heiman eða pening því skólinn ber ekki ábyrgð á slíkum eigum ef þær skemmast eða tapast.

Áfallaráð

Ráðið fundar í upphafi hvers skólaárs og er farið yfir áfallaáætlun skólans auk þess sem hún er kynnt á fyrsta starfsmannafundi haustsins. Þar fyrir utan funda ráðin þegar á þarf að halda. Í þeim eru: Sandra Konráðsdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Hrafnhildur Ævarsdóttir og Katla Rán Svavarsdóttir ásamt presti og hjúkrunarfræðingi ef á þarf að halda.

Slysaskráningar

Öll slys eru skráð á skráningablað og í Karellen. Þar er hægt að skrá eftirfarandi: Hvar slys gerðist, ábending, næstum slys, minniháttar slys, fjarveruslys, ógn og slys á barni.

Heilbrigðisstofnun Austurlands

Brekkubær er í samstarfi við HSA. Haft er samband við heilsugæsluna ef meiðsli eða veikindi koma upp. Ef barn slasast þá er hringt í foreldra og þeir annaðhvort beðnir að sækja barnið og fara með það út á heilsugæslu eða hitta starfsmann leikskólans með barninu á heilsugæslustöðinni. Þá hefur starfsfólk skólans aðgang að læknum og hjúkrunarfólki varðandi ýmsar upplýsingar um heilbrigði.

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið eru eftirlitsaðilar sem heimsækja skólana reglulega. Unnið er eftir þeim úrbótatillögum sem settar eru fram. Öryggisfulltrúi er Sandra Konráðsdóttir og öryggistrúnaðarmaður er Katla Rán Svavarsdóttir.

Foreldrasamstarf

Lykilinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarfs milli kennara og foreldra. Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla og reynum við að leggja okkur fram við að koma til móts við þarfir foreldra eins og mögulegt er, en sameiginlegt markmið er fyrst og fremst hagr hvers barns. Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldrar og starfsfólk leikskóla er forsenda þess að leikskóladvöl barnsins verði ánægjuleg og árangursrík. Lögð er áhersla á samskipti við báða foreldra. Báðir foreldrar eru hvattir til að hafa virkt netfang í leikskólanum þannig að allar upplýsingar, fundarboð, fréttabréf, mánaðarplan og fleira fari til beggja foreldra. Þegar leitað er eftir foreldrum til setu í foreldraráðum eru bæði feður og mæður hvattir til að gefa kost á sér og þá eru báðir foreldrar boðaðir í foreldrasamtöl.

Mikilvægt er að foreldrar skili börnunum í hendurnar á starfsmanni og einnig að starfsmaður sé látinn vita þegar barnið er sótt.

Upplýsingar

Tölvupóstur og facebook er sá vettvangur sem notaður er til að auglýsa viðburði og segja frá upptökum. Á heimasíðunni og í Karellen appinu geta foreldrar skoðað myndir af barninu sínu í leikskólanum og fengið upplýsingar um svefn, matartímann o.s.frv. Deildarstjóri á Ásbrún gerir viðburðartal fyrir hvern mánuð með dagskrá mánaðarins. Viðburðartal er sent til foreldrar í tölvupósti og einnig hengt upp á vegg í leikskólanum.

Allar helstu upplýsingar eins og skóladagatal, starfsáætlun, skólanámskrá, reglur leikskólans, hagnýtar upplýsingar, læsisstefna, farsæld og stefna leikskólans verða á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi.

Aðlögun og flutningur milli deilda

Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum, læra að vera í hóp, venjast dagskipulaginu, hlíta reglum og fleira. Það er einstaklingsbundið, hve langan tíma aðlögun tekur en gengið er út frá því að foreldrar séu með barninu í 4-5 daga og lengur ef þörf er á því hafa skal í huga að börn eru mjög ólík og því engin ein aðlögun sem gildir fyrir alla. Hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma gæti það einnig þurft einhverja aðlögun aftur. Þá er einnig rætt um tilhögun aðlögunarinnar og mikilvægi þess að annað foreldri dvelji með barninu eins og þurfa þykir.

Í upphafi aðlögunar hitta foreldrar deildarstjórnann og fylla út upplýsingablöð um barnið, undirrita leikskólasamning og er bent á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps sem inniheldur helstu upplýsingar um leikskólann og starfsemi hans. Foreldrum er sagt frá starfsemi leikskólans, sýndur leikskólinn og fá afhenta foreldra foreldrahandbók. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir leik og starfi barnsins og veita því athygli, það gleður barnið og hvetur það í áframhaldandi starfi. Í maí og júní eru skipulagðar heimsóknir milli deilda til að aðlagja börn á nýjum deildum. Þegar börnin mæta eftir sumarfrí mæta þau á þær deildir sem þau eiga að vera næsta skólaár. Ef það er hægt að koma því við fyrstu dagana eftir sumarfrí þá mætir starfsmaður af deildinni sem þau voru á til að auðvelda þeim breytingarnar og nýjar aðstæður. Þegar börn af erlendum uppruna byrja í leikskólanum er unnið eftir móttökuáætlun barna af erlendum uppruna og verkreglum þar fylgt eftir. Símar eru ekki leyfðir í aðlöguninni og það sem foreldrar heyra og sjá hafa þeir fyrir sig.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Leikskólakennarar eru með foreldrasamtöl í nóvember og apríl. Þá er foreldrum kynntar niðurstöður úr heilsuþök

barnsins og öðrum athugunum sem starfsmenn hafa gert á þroska og framförum barnsins og aðilar ræða saman um hvernig barninu gengur bæði heima og í leikskólanum og farið yfir áherslur vetrarins og hvernig staða barnsins er.

Eins geta bæði starfsmenn og foreldrar óskað eftir samtali ef þurfa þykir og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti og skólastarfið kynnt og farið yfir skólaárið. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali þegar þeir vilja. Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barnsins.

Foreldrafélag

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfi hvers skóla. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann. Við leikskólann Brekkubæ er starfandi foreldrafélag. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra við starf leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með greiðsluseðli tvisvar á ári. Aðalfundur er á haustin og þá er kosið í stjórn, það eru 4 foreldrar í stjórn félagsins.

Foreldrafélagið stendur fyrir eftirfarandi viðburðum:

- ❖ Jólaföndur í leikskólanum.
- ❖ Jólagjöf fyrir leikskólabörn frá jólasveininum.
- ❖ Sumargleði leikskólans.
- ❖ Íþróttaskóla.
- ❖ Páskaeggjaleit.

Auk þess eru ýmsar fjáraflanir, eftir þörfum hverju sinni og aðrar upptakomur.

Foreldraráð

Það er lagalega skylda að hafa foreldraráð í leikskólum. Í foreldraráði sitja að lágmarki 3 foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og kosið til eins árs í senn. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og fjölskylduráðs sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana. Því er ætlað að gefa umsagnir til leikskólans og fjölskylduráðs um áætlanir og um starfsemi leikskólans. Foreldraráðið fylgist jafnframt með framkvæmd þeirra og kynningu. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi innan leikskólans.

Samstarf

Fjölskyldusvið - Skólaþjónusta

Leikskólinn Brekkubær heyrir undir Fjölskyldusvið og sinnir Skólaþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla Vopnafjarðarhrepps skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr.

Skólaþjónusta Múlaþings hefur farsæld barna og fjölskyldna að leiðarljósi í starfi sínu, starfar af fagmennsku í sérhverju verkefni og vinnur að forvörnum sem tryggja farsæld og velferð til framtíðar. Einkunnarorð Skólaþjónustunnar eru Farsæld- Fagmennska- Forvarnir.

- Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólks þeirra.
- Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.
- Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Skólaþjónustan og All-teymið munu starfa þétt saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Starfsmenn skólaþjónustu Múlaþings:

Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingar

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Íris Einarsdóttir, kennsluráðgjafi

Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi

Stefanía Malen Stefánsdóttir, grunnskólafulltrúi

Steinunn Ásta Lárusdóttir, Sálfræðingur.

Gott samstarf hefur verið milli þessara aðila og hefur skólinn nýtt þjónustuna vel, bæði hvað varðar greiningar á börnum og að fá ráðleggingar. Bæði forráðamenn og starfsfólk skólans geta haft frumkvæði að því að leitað verði til skólaþjónustunnar. Starfsmenn skólans hafa ekki samband við skólaþjónustuna án samráðs við forráðamenn.

Einnig eru leikskólakennarar að fá ráðgjöf frá sálstofunni 4 -6 sinnum á ári.

Nemar

Í gildi er samningur við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um samstarf vegna leikskólakennaranema. Það er mikilvægt fyrir skólaþróun að vera í þessu samstarfi. Með því að fá reglulega til okkar nema fáum við að heyra allt það nýjasta sem er að gerast í leikskólafræðunum. Við höfum fengið tvisvar sinnum nema til okkar, ekki er komin beiðni um nema næsta skólaár.

Samstarf skólastiga

Samstarf Vopnafjarðarskóla og Brekkubæjar um farsæla skólabyrjun veturinn 2025-2026.

- Að auðvelda nemum tilfærslu á milli skólastiga og stuðla að farsælli skólabyrjun við sex ára aldur
- Að fimm ára nemendur kynnist nemendum, starfsfólki og umhverfi Vopnafjarðarskóla samhliða skólagöngu sinni í Brekkubæ og stuðla þannig að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.
- Að auðga skólastarfið á báðum stigum og efla félagsleg tengsl.
- Að nýta sérstöðuna og það umhverfi sem við búum í.

Elsti árgangur leikskólans og 1. bekkur grunnskólans skiptast á heimsóknum. Kennarar „brúa bilið“ milli skólastiga með þessum heimsóknum. Í vetur ætlum við að gera heimsóknirnar enn markvissari. Elstu börnin fara einu sinni til tvisvar í mánuði, þrjú saman í hóp ásamt kennara sínum í eina til tvær kennslustundir í senn, fjórir til fimm nemendur grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann á meðan. Síðan er markmiðið að kennarinn fylgi þeim niður í grunnskóla og þau verði ein í kennslustundinni með kennara 1. bekkjar.

Skil milli skóla

Deildarstjóri og leikskólasérkennari skila gögnum um börnin niður í Vopnafjarðarskóla. Leikskólastjóri skilar gögnum barna sem fara í aðra skóla. Gögn sem fara milli skóla eru Efi-2, TRAS, HLJÓM 2, íslenski málhljóðamælirinn og aðrar skýrslur sem fylgja barninu.

Samstarf um skólaakstur við Vopnafjarðarskóla

Börnum úr dreifbýli er keyrt í grunnskólann að morgni. Börn leikskólans, sem búa í akstursleið skólabílsins og náð hafa þriggja ára aldri, geta fengið að sitja í bílnum, sé nægilegt pláss og foreldrar sækja börnin seinnipartinn. Foreldrar þeirra sjá fyrir bílstólum. Ef veður eru vont eða engin grunnskólabörn ætla að mæta í skólann keyrir bíllinn ekki. Reglur um skólaakstur eru inni á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps. Börnunum ber að fara eftir reglum bílstjórans og ganga vel um bílinn.

Brunavarnir Austurlands

Leikskólinn er í samstarfi við Brunavarnir Austurlands. Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Logi og Glóð. Slökkviliðsstjóri kemur einu sinni á ári og tekur leikskólann í úttekt vegna brunavarna og

kynnir Loga og Glóð verkefnið fyrir börnunum. Rýmingaæfing með starfsfólki er gerð annað hvert ár í samráði við Brunavarnir á Austurlandi.

Lokaorð

Vel skipulögð starfsáætlun getur virkað vel ef rétt er að málum staðið. Skólastarfið tekur sífelldum breytingum og því er áætlunin í sífelldri endurskoðun og breytingu. Áætlunin er nauðsynleg til að halda utan um allt það góða starf sem fram fer í leikskólanum Brekkubæ. Hvað þetta skólaár varðar þá horfum við björtum augum fram á veginn með starfsmannahópinn sem leggur sitt að mörkum í að gera skólastarfið enn betra.